



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 2. febrúar 2021

2101075SA KB  
Málalykill: 00.63

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir nr. 82/2008 (borgaraleg skylda), 443. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 26. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði til bráðabirgða II í lögum um almannavarnir verði framlengt út árið 2021 en ákvæðið féll úr gildi um síðustu áramót. Samkvæmt ákvæðinu er það borgaraleg skylda starfsmanna opinberra aðila að gegna störfum í þágu almanna á hættustundu. Þannig er opinberum aðilum heimilt að fela starfsmönnum tímabundið breyttar starfsskyldur og flytja starfsmenn tímabundið milli starfsstöðva opinberra aðila til að sinna verkefnum sem hafa forgang á hættustundu.

Umrædd heimild hefur gert sveitarfélögum kleift að halda úti nauðsynlegri velferðarþjónustu ásamt því að tryggja opnun leik- og grunnskóla meðan heimsfaraldur hefur gengið yfir með tilheyrandi áhrifum á samfélagið. Sem dæmi má nefna að heimildin hefur gert sveitarfélögum kleift að nýta t.d. starfsfólk íþróttamiðstöðva og sundlauga, er voru tímabundið lokaðar, til að halda úti nauðsynlegri þjónustu eins og sólarhringsopnun á húsnæði fyrir heimilislauða og útkeyrslu á mat til aldraðra. Í skólamáli hefur ákvæðið tryggt að einfaldara er að breyta starfsemi leik- og grunnskóla með skömmum fyrirvara, allt eftir því hvaða takmarkanir eru í gildi hverju sinni. Að öðru leyti er vísað til minnisblaðs sambandsins frá 23. mars 2020 um sama málefni sem sent var til allsherjar- og menntamálanefndar þegar málið var til umfjöllunar á Alþingi í mars 2020.


Vakin er athygli á því að heimildin er eingöngu til staðar ef um er að ræða verkefni sem hafa forgang á hættustund. Er því ekki um að ræða opna heimild til að færa starfsmenn til vegna starfa sem ekki hafa forgang. Í tilefni af umsögn ASÍ vísar sambandið til [nefndarálits allsherjar- og menntamálanefndar](#) við málið þegar ákvæðið var fyrst til umfjöllunar. Þar kemur fram að í vissum tilfellum getur komið upp sú staða að starfsmenn gangi í störf þar sem greidd eru hærra laun. Í þeim tilfellum getur verið tilefni til að greiða viðkomandi starfsmanni laun í samræmi við þann kjarasamninga eða þann launaflokk sem gildir um starfið. Þó þarf að gera greinarmun á því hvort starfsfólk er eingöngu að aðstoða í skamma stund á öðru starfssviði eða hvort starfsfólk gangi sannarlega í önnur störf með aukinni ábyrgð. Sveitarfélög hafa starfað í samræmi við umræddan texta í greinargerð og ætla má að sú lögskýring eigi enn við verði frumvarpið samþykkt nú.

**Að lokum**

Sambandið styður frumvarpið og telur mikilvægt að það verði samþykkt sem fyrst svo hægt sé að tryggja nauðsynlega þjónustu á hættustundu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



## Minnisblað

Móttakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd  
[?]

Dags.: 23. mars 2020

Sendandi: Samband íslenskra sveitarfélaga

Málsnr.: 2003038SA

Málalykill: 03.13

**Efni: Umsögn um breytingu á lögum um almannavarnir (borgaraleg skylda starfsmanna opinberra aðila) – 697. mál.**

Markmið frumvarpsins er að tryggja lagagrundvöll fyrir heimild opinberra aðila til að færa starfsmenn til í starfi á hættustundu og var frumvarpið samið í samráði við sambandið.

Líkt og kemur fram í frumvarpinu er lagt til að samþykkja nýja 19. gr. í lög um almannavarnir. Núverandi 19. gr. laga um almannavarnir fjallar um borgaralega skylda aðila á aldrinum 18-65 ára til að gegna á hættustundu, án endurgjalds, starfi í þágu almannavarna og verður sú grein 19. gr. a.

Sambandið tekur undir það mat er kemur fram í frumvarpinu að rétt sé að virkja mannauð opinberra aðila til forgangsstarfa áður en almenn borgaraleg skylda er virkjuð. Það nýja ákvæði sem lagt er til í frumvarpinu gengur einnig mun skemra en núgildandi 19. gr. enda á það bara við um starfsmenn opinberra aðila og gert er ráð fyrir að þeir njóti fullra launa fyrir störf sín í þágu almannahagsmuna, ólíkt því sem núgildandi 19. gr. gerir ráð fyrir varðandi almenna þegnskyldu, samanber framangreint.

Almenn borgaraleg skylda opinberra starfsmanna felur í sér að tímabundið sé hægt að breyta starfsskyldum, starfsaðstæðum og starfsstöðvum starfsmanna. Það hefur komið berlega í ljós síðustu daga að nauðsynlegt er að geta tekið ákvarðanir hratt og örugglega. Í flestum tilfellum hafa bæði starfsfólk og stéttarfélag tekið vel í slíkar breytingar enda gera sér allir grein fyrir því að um neyðarástand er að ræða. Er sérstakt tilefni til þess að hrósa starfsmönnum sveitarfélaga fyrir vilja þeirra til þess að aðlagast breyttum aðstæðum á grundvelli viðbragðsáætlana sinna sveitarfélaga.

Í einhverjum tilfellum hafa þó komið upp mál þar sem gerðar eru athugasemdir við að breytingar séu ekki framkvæmdar í samræmi við kjarasamninga enda gera flestir kjarasamningar ráð fyrir því að breytingar séu undirbúnar í góðu tómi í samráði starfsmanna og vinnuveitenda. Ljóst er að aðstæður í dag bjóða ekki alltaf upp á slíkt samtal enda hafa almannavarnir lýst yfir neyðarstigi og aðstæður breytast frá degi til dags. Þannig geta ákvarðanir um vinnufyrirkomulag breyst mjög hratt í samræmi við leiðbeiningar almannavarna.

Greinargerð frumvarpsins setur mjög skýrar línur um hvenær megi virkja þetta nýja ákvæði og er það þegar neyðarstig hefur verið lýst yfir eða er yfirvofandi. Þegar kemur að launagreiðslum kemur fram að starfsmenn haldi óbreyttum launakjörum og fái greidda yfirvinnu ef starfsskyldur umfram hefðbundna vinnuskyldu þeirra aukast. Er því gert ráð fyrir því að starfsfólk fái greitt aukalega ef vinnuskyldur þeirra aukast en að opinberir aðilar hafi svigrúm innan hvaða tíma sú vinnuskylda fer fram og einnig hvar, að

teknu tilliti til meðalhófs. Gera má þá ráð fyrir því að þeir sem vinna almennt í dagvinnu eigi að skila vinnuframlagi innan dagvinnu annars komi til yfirvinnu og þeir sem almennt vinna vaktavinnu fái greitt samkvæmt því.

Einnig kemur fram að sé umrætt ákvæði virkjað skuli ávallt líta til aðstæðna starfsmanna hverju sinni, svo sem ef starfsmaður, eða annar einstaklingur sem hann ber ábyrgð á, glímir við undirliggjandi sjúkdóm eða aðstæður eru að öðru leyti slíkar að breytt starfsvið myndi stefna öryggi eða heilbrigði hans, eða þess sem hann ber ábyrgð á, í hættu. Við slíkar aðstæður skuli starfsmaðurinn vera undanþeginn skyldu ákvæðisins. Einnig kemur fram í greinargerð að ávallt skuli taka tillit til meðalhófs við beitingu heimildarinnar.

Það er nýr veruleiki sem þjóðin stendur frammi fyrir. Veruleiki sem eðli málsins samkvæmt er ekki hægt að sjá fyrir í kjarasamningum eða löggjöf og því þarf kerfið að vera sveigjanlegt. Opinberir vinnuveitendur hafa sýnt af sér mikla ábyrgð í því ástandi er nú stendur yfir og gáfu snemma út yfirlýsingar um að starfsmenn þeirra fengu greidd laun í sóttkví jafnvel þótt slíkt kæmi ekki fram í kjarasamningum. Einnig fær allt starfsfólk laun jafnvel þótt starfsfólk geti ekki sinnt sinni vinnuskyldu t.d. ef starfsstöðum er lokað og gildir það einnig þótt um sé að ræða störf sem ekki er hægt að vinna heiman frá. Starfsfólk á almennum markaði býr eðli málsins samkvæmt almennt ekki við slíkt afkomuöryggi. Á hættustund hlýtur því að vera sanngjarnt að fyrst sé hægt að nýta mannauð opinberra aðila í forgangsverkefni, áður en gripið er til ráðstafana samkvæmt núgildandi 19. gr., enda er markmið almannavarna að undirbúa, skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir og takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða heilustjóni og veita líkn í nauð og aðstoð vegna tjóns sem hugsanlega kann að vera.

Sambandið styður eindregið að frumvarpið verði samþykkt og lýsir sig reiðubúið til að koma fyrir nefndina í fjarfundi til að ræða þær aðstæður sem eru upp í samfélaginu er umrætt lagafrumvarp gæti aðstoðað við að leysa.

GB/BG/VRB